

Fundur 13.11.2023 Guðrún Helgadóttir rithöfundur.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

Já góða kvöldið, velkomin.

Er ég enn fastbundin ykkur, þakklát fyrir það hversu vel var tekið af þjóðinni, það voru svo mörg sem liðu þegar ég gat ekki notið krafta minna, meðal ykkar sökum hrumleika og ýmis konar veikinda að það er ekki nema von að lífsorkan sé mikil á nýjum hnetti.

Og áhugi minn á pólitík er nú að stórvaxa og get ég ekki stillt mig um að hafa afskipti af pólitík á þessum nýja hnetti og finn að mikill er krafturinn og mörg eru viðfangsefnin og sumt sem minnir á gamla tíma og annað sem er með öðrum hætti.

Og maður finnur það að líkaminn magnast upp og tekur við sér þegar manni tekst að takast á við ekta viðfangsefni, eins og í gamla daga, sem hvetja mann til deilna og rökræðna og ég finn það svo vel hér á nýjum hnetti að ég verð að tileinka mér orða tiltæki og þjóðsagnir sem lifað hafa með fyrstu þjóðinni sem bjó á þessu landi og þessari jörð, þjóðunum ætlaði ég að segja, fyrstu þjóðunum sem bjuggu á þessu landi.

Og hér eru margskonar orða tiltæki og þjóðsagnir um skrímsli og góðar vættir sem ég þarf að kynna mér vel og vandlega, áður en ég fer að skrifa barnabækur af fullum krafti að nýju og,

*Þannig að þú ert Guðrún Helgadóttir?*

Já þakka þér fyrir, það er rétt og hef ég fengið mikinn styrk af því að hella mér út í pólitíkina að nýju og rífa svolítið kjaft.

*Það þarf stundum að rífa kjaft.*

Já.

*Svo það sé friðsamt.*

Já.

*Það er gott að hafa munninn fyrir neðan nefið.*

Já, það er, það er.

*Og mönnum er sérstaklega illa við kjaftinn, þegar maður segir sannleikann, hann ristir stundum djúpt.*

Já ég þótti skæður andstæðingur á þingi og maður er smá saman að ná vopnum sínum að nýju, verða sjálfum sér líkur, að allir hæfileikarnir að koma aftur og, en ég vildi nú koma að þessu sinni vegna þess að þetta viðkemur ákveðnu máli sem ég hef rætt hér við stjórnámálamenn, en þá er kirkjan hér öflug í sumum hópum og þið fenguð samband við konu hér, sem sagði ykkur frá séra Friðrik, er ekki svo?

*Jú, hún gerði það.*

Þetta er enn þá viðkvæmt mál í þessu samfélagi og íhaldið vill ekki ýfa upp þessi gömlu sár og eru því margir sem vilja koma fram undir dulnefni, en þær frásagnir eru góðar fyrir þá sem frá þeim segja.

Vildi bara koma því á framfæri hér í kvöld við ykkur án þess að segja mikið frá eigin lífi að þessu sinni.

*Reykir þú enn þá?*

Já það kemur fyrir en ég nota líka plástra, ha ha.

*Ókei þannig að þú ert ekki búin að fara í lækningarnar?*

Ja það kemur nú kannski smá saman.

*Já.*

Vildi bara koma því að ef slíkar frásagnir koma að leyfa fólki þá að tala nafn laust ef það óskar þess og gæti jafnvel gefið upp dulnefni, en það þarf sérstakar aðstæður til að koma þeim samböndum í gegn.

Já ég hef nú verið að rífast um það hér við suma á þessum hnetti að á meðan lífskrafturinn er mikill í fólki og það er hér ungt og ný komið fram, þá þolir það full vel reykingarnar, en þeir reyna samt að láta mann hætta því.

Já ég veit ekki hvort ég næ fullum styrk að fjalla um það í kvöld, það gleður mig að ég hef komið í gegn þessu lítilræði sem ég hef rætt hér á þinginu, um að trúa þessum frásögnum um séra Friðrik.

Ég ætlaði bara að koma því að en ég kemst kannski að, og segi frá mínum högum, verið þið sæl.

*Pakka þér fyrir og vertu sæl.*

*Og þakka þér fyrir komuna.*